

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 138/1372
komudagur 24. 3. 2010



Reykjavík 24. mars 2010

Efni: Umsögnar um frv. til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.
Pskj. 613 — 342. mál.

Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) hefur borist til umsagnar, frumvarp til breytinga á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993.

Eins og fram kemur í umræddu frumvarpi munu eftirtaldar lagagreinar falla brott: 19. gr., 22. gr., 24. gr., 26. gr., og 27 gr. Í greinargerð með frumvarpinu koma fram hin efnislegu artiði sem lagafrumvarpið fjallar um, en þau lúta að:

- a) Niðurfellingu á Verðmiðlunarsjóði mjólkur (0,65 kr/ltr innvegna mjólk) **19. gr.**
- b) Niðurfellingu á lögbundnum Verðtilfærslusjóði mjólkur (2,65 kr/ltr innvegna mjólk) **22. gr.**
- c) Niðurfellingu á lagagreinum sem tengjast framkvæmd og umsýslu Verðmiðlunar mjólkur og lögbundinnar Verðtilfærslu (sjá a og b) **24. gr. 26. gr. og 27 gr.**

Einnig kemur fram rökstuðningur fyrir umræddum breytingum. Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði hafa ekki efnislegar athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar sjóðakerfis mjólkur, enda komu þær, á sínum tíma, m.a. til umfjöllunar og tengdust ákvörðunum í störfum verðlagsnefndar búvöru. Verðlagsnefnd búvöru skipa, skv. lögum nr. 99/1993, fulltrúar bænda, launþegahreyfingar (ASÍ/BSRB), ríkis og afurðastöðva.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði vilja leggja áherslu á að þrátt fyrir ofnagreindar breytingar skv. brottfalli 19, 22, 24, 26 og 27 gr. laganna eru starfsskilyrði Verðlagsnefndar búvöru skv. 13. gr. laga nr. 99/1993, tryggð áfram til ákvörðunar um verðlagningu mjólkur og mjólkurvara sem nefndin fjallar um. Enda er það í fullu samræmi við 7. gr. samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu, milli stjórnvalda og Bændasamtaka Íslands, sem tók gildi 1. september 2005 og gildir til 31. desember 2014 með síðari breytingum.

f.h. Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði
Guðni Ágústsson, framkv.stjóri